

►► **Það er nýbreytni hjá okkur að fá klassíska tónlist inn í þetta og ég held að þetta setji hátiðina svoltið á næsta level. 30**



Skáld Matthías Johannessen.

Matthías Johannessen les upp

● Les upp úr bókum sínum um Kjarval og Gunnlaug Scheving

Opið verður í Sveinshúsi í Krýsuvík á sunnudaginn kl. 13-17.30. Þar stendur yfir sýning á verkum Sveins Björnssonar, sem nefnist Huldufólk og talandi steinar og lýkur í haust.

Matthías Johannessen, skáld og rithöfundur, kemur í heimsókn og les upp úr bókum sínum um listamennina Jóhannes Sveinsson Kjarval og Gunnlaug Scheving. Lestu-urinn hefst kl. 15.30. Sveinn þekkti báða þessa listamenn persónulega. Að auki var vinátta með þeim Matthíasi. Þeir unnu saman að ljóðmyndum sem rötudu inn í ljóðabókina Veröld þín (1989) auk þess sem Sveinn myndgerði Sálma á atómöld eftir Matthías.

Sýningin Huldufólk og talandi steinar lýsir myndheimi Sveins Björnssonar sem var að þróast yfir í fantasíur upp úr 1960 í verkum sem sýnd voru á samsýningum hans og danskra listamanna á Charlottenborg í Kaupmannahöfn á 7. áratugnum. Sveinshús er auðfunduð þar sem það blasir við, ljósblátt að lit, frá Krýsuvíkurvegi upp af gamla Krýsuvíkurfjósinu og rétt hjá Geststaðavatni.



Form Einar Þ. Ásgeirsson við störf.

Pétur ræðir um Hugvit

Á sunnudaginn, 7. ágúst, kl. 15 mun Pétur H. Ármannsson arkitekt og sýningastjóri spjalla um sýninguna Hugvit sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Sýningin gerir skil verkum og hugmyndum hugsuðarins og hönnuðarins Einars Þorsteins Ásgeirssonar sem einkum er þekktur hér á landi fyrir hönnun sína á kúluhúsum og hátíðatjöldum en einnig fyrir samstarf sitt við myndlistarmanninn Ólaf Elíasson.

Opið er í Hafnarborg frá kl. 12-17 en á fimmtudögum er opið frá kl. 12-21. Lokað er á þriðjudögum.

Sjá nánar á hafnarborg.is

Myndlist Sýningu lýkur í Ketilshúsi

Síðasta helgi á sýningu systranna Jóhönnu og Drafnar Friðfinnsdætra verður nú um helgina í Ketilshúsinu á Akureyri.

Jóhanna og aðstandendur Drafnar verða á staðnum, taka á móti gestum og fræða þá um listmunina. Jóhanna hefur haldið margar einkasýningar á Íslandi og einnig sýnt í Jónshúsi og á Frederiksberg í Danmörku. Dröfn lærði m.a. í Finnlandi, hélt margar einkasýningar og tók þátt í fjölda samsýninga bæði hérlandis og erlendis.

Opið alla daga frá kl. 13 til 17.




Verk eftir Dröfn

Hestar og list Hestamenning á Kjarvalsstöðum

Á sunnudaginn býður Listasafni Reykjavíkur upp á fjölskyldudagskrá og hestateymingur í tengslum við sýninguna Jór! – Hestar í íslenskri myndlist, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Dagskráin hefst kl. 14 á leiðsögn um sýninguna Jór! en svo verður haldið í smiðjuna Litbrigði hestsins, þar sem börn og fullorðnir taka þátt í skapandi vinnu í tengslum við sýninguna. Að lokum býðst þátttakendum að kynna hestinum af eigin raun á Klambratúni þar sem í boði er að láta teyma undir sér.



Íslenski hesturinn

Myndlist Sýningunni Góðir Íslendingar lýkur

Sýningin Góðir Íslendingar í Listasafni Kópavogs-Gerðarsafni hefur verið framlengd til og með sunnudeginum 7. ágúst. Þá mun Pálína frá Grund flytja gjörninginn Hverra manna kl. 16:00. Í innsetningu Árna Páls Jóhannssonar má sjá ljósmyndir af sauðfé á veggjunum og reka- viðardrumba í gólfinu. Finn- bogi Pétursson hefur komið fyrir öryggismyndavélum í hring um áhorfendur og tilheyrandi búnaði til að sýna úr þeim myndir og spila hljóð. Sýningin fjallar á finlegan hátt um samfélagsleg málefni og sjálfsmynd þjóðarinnar.



Pálína frá Grund

Ísland heiðursgestur Bókmenntasýningarinnar í Frankfurt

● Um tvö hundruð íslenskir titlar gefnir út á þýsku

● Mikill áhugi á íslenskum rithöfundum

Róbert B. Róbertsson
robert@mbl.is

Ísland verður heiðursgestur Bókmenntasýningarinnar í Frankfurt í haust. Ísland skipar því öndvegi á sýningunni og fá bókmenntir Íslands gríðarlega athygli á hinu þýskumælandi svæði og einnig á alþjóðlega vísu. Sýningin, sem fer fram dagana 12.-16. október nk, er af flestum talin vera ein mikilvægasta árlega bókakaupstefna heims. Verkefnið hefur verið í undirbúningi af sjálfstæðu teymi, sem ríkisstjórn Íslands kom á fót, og kallast Sögueyjan Ísland. Undirbúningur hefur staðið í rösk þrjú ár og liggur nú dagskráin fyrir í öllum megin- dráttum.

Ísland í brennidepli

Halldór Guðmundsson, verkefnastjóri Sögueyjunnar Ísland, sagði á blaðamannafundi í gær að mikil aðsókn væri í að fá að vera heiðursgestur bókasýningarinnar.

„Það er rétt að geta þess að ástæðan fyrir því hvers vegna lönd sækjast eftir því að fá að vera heiðursgestur Bókasýningarinnar í Frankfurt er sá mikli fjölmiðlaáhugi sem þetta hefur í för með sér. Þýsku forlöggin eru náttúrulega eins og önnur forlög að skima eftir því hvað þau geta selt af bókum og hvernig viðtökurnar geta orðið. Þegar menn eru í þeirri stöðu að fá svona mikinn áhuga vegna þess að landið er í brennidepli á bókasýningunni þá smitar það yfir á allan hinn þýskumælandi heim. Þýski markaðurinn er sá markaður sem er langsamlega opnastur fyrir þýðingum. Um 40% allra titla sem koma út í Þýskalandi eru þýddir en þessi prósentutala er 3% í Bretlandi og 1,5% í Bandaríkjunum,“ sagði Halldór

Tvö hundruð titlar

Um tvö hundruð íslenskir bókatitlar og bækur um Ísland verða gefnir út á þýska málsvæðinu á þessu ári í samstarfi við hátt í hundruð bókafélög. Þetta telst því vera einn besti árangur sem heiðursgestur sýningarinnar hefur náð, en til samanburðar má geta þess að Inland var með 60 bókatitla þegar þeir voru heiðursgestir og Kína í kringum 100 titla. Meðal þessara bóka eru nýjar þýðingar á Íslendingasögum, fjölmargar skáldsögur,



Morgunblaðið/Kristinn

Sögueyjan Halldór Guðmundsson, verkefnastjóri Sögueyjunnar, kynnti verkefnið á blaðamannafundi í gær.

ljóðabækur, leikrit, handbækur og fræðirit. Þá verður ritsafn Halldórs Laxness endurútgæfið sem og verk eftir Þórberg Þórðarson, Indriða G. Þorsteinnsson, Guðrínu Evu Mínervudóttur og Lindu Vilhjálmstöttur, svo dæmi séu tekin.

Stökkpallur

Nú þegar hefur verið hafist handa við að stuðla að aukinni útgáfu íslenskra bókmennta í Þýskalandi. Þýski markaðurinn er mikilvægur, málsvæðið nær til hundruð milljóna manna og tekur þýddum bókmenntum opnum örmum. Stundum hefur verið litið á þýska markaðinn sem stökkpall á aðra markaði sunnar í álfunni og víðar og sannast það þegar litið er til þess að sala á íslenskum bókum til annarra landa hefur aukist í takt við velgengi í Þýskalandi.

„Það er erfitt að gera sér í hugarlund hvað þátttaka Íslands á Bókasýningunni hefur í för með sér, en ég held að endurútgáfan sé alveg

ómetanleg,“ sagði Kristín Steinsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands. Ef að bók gengur vel í Þýskalandi þá er hún gjarnan seld áfram til annarra landa. Þannig að það er engum blöðum um það að fletta að það sem er að gerast núna úti í Þýskalandi er kannski það stórkostlegasta sem hefur rekið á okkar fjörur.“

Íslensk listkynning í þýskumælandi löndum

Heiðurslandi hvers árs gefst tækifæri á að kynna menningu sína og sögu með fjölbreyttum hætti, en á þriðja hundruð atburðir verða haldnir til kynningar á íslenskri menningu í Þýskalandi, Austurríki og Sviss á árinu. Þá mun Sögueyjan blása til yfirgripsmikillar menningardagskrár í öllum helstu söfnum Frankfurtborgar á næstu mánuðum, þar sem íslensk myndlist, dans, tónlist, byggingarlist, hönnun og ljósmyndir verða í aðalhlutverki.

Sögueyjan hefur jafnframt staðið

fyrir ótal uppkomum síðustu misseri í samstarfi við ýmsar menningarstofnanir, háskóla og fyrirtæki þar sem íslenskir rithöfundar og íslenskar bækur eru í aðalhlutverki. Aðsókn hefur verið afar góð á höfundakynningar og upplestra og sýnir að áhugi þýskra lesenda á íslenskum bókum er mikill.

Íslendingar hafa eigin sýningarskála til umráða á svæði Bókakaupstefnunnar, en hönnun skálans var í höndum Páls Hjaltasonar og Sagafilm. Skálinn er annars vegar byggður á ótal myndum sem Íslendingar hafa sent inn af heimilishóka- söfnum sínum, og hins vegar á stórbrotinni náttúruulífsmynd sem var einmitt þungamiðja sýningararkála Íslands á Heimssýningunni í Sjanghæ.

Nánari upplýsingar um verkefnið og sýninguna er að finna á heimasíðu Sögueyjunnar, sagenhaftes- island.is, en síðan er stærsti upplýsingabanki sem gerður hefur verið um íslenskar bókmenntir.